

Mánudaginn 30. maí 1983.

Nr. 92/1982. **Ákærvaldið**(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn**Gesti Guðjóni Sigurbjörnssyni**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Manndráp. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er áfrýjað af ákærvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Krefst ríkissaksóknari þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip barst Hæstarétti 17. mars 1983.

Með bréfi ríkissaksóknara 13. október 1982 var málið sent Læknaráði og æskt umsagnar þess um, hvort það féllist á niðurstöðu álitserðar Ásgeirs Karlssonar geðlæknis frá 22. febrúar 1982 um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Í ályktun Læknaráðs 23. febrúar 1983 er fallist á niðurstöðu álitserðarinnar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að leggja verði til grundvallar framburð ákærða um verknaði þá, sem ákært er fyrir, og aðdraganda að þeim, en margt í gögnum og framburðum vitna styrkir framburðinn.

Ákæruefnum er réttilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota ákærða til hegningarlagaákvæða.

Fallast ber á ályktun Læknaráðs og niðurstöðu héraðsdóms um sakhæfi ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga ýmis atriði, er áhrif hafa á refsihæðina, bæði til þyngingar og einnig það, sem til málsbóta kannað vera.

Til refsilyngingar horfir, að ásetningur ákærða var styrkur og einbeittur, eftir að hann vaknaði, og aðferð hans við verknaðinn var hrottaleg, svo sem greinir í héraðsdómi. Fallast má einnig á það

með héraðsdómara, að neyðarvarnarsjónarmið komi ekki til greina, þar sem Wiedbusch hindraði ákærða ekki í því að komast frá honum til salernis. Af þeirri afstöðu verður þó ekki alyktað með vissu, að ákærði hafi átt þess kost að komast með góðu móti á brott úr íbúðinni.

Til refsilækkunar verður að telja það, að ákærði varð fyrir alvarlegu kynferðisbroti af hálfu manns þess, er hann svipti lífi.

Með hliðsjón af geðhögum ákærða verður á það fallist með héraðsdómara, að atferli hins látna hafi um stundarsakir valdið þvílíku ójafnvægi á geðsmunum ákærða og reiði, sem 4. töluliður 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga tekur til. Jafnframt ber að beita ákvæðum 9. töluliðar sömu lagagreinar svo og ákvæðum 75. gr. sömu laga við refsiakvörðun.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 8 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 19. september 1981 komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, 18.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gestur Guðjón Sigurbjörnsson, sæti fangelsi 8 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 19. september 1981 komi refsivist hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnaralun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1982.

Ár 1982, mánudaginn 5. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómar, kveðinn

upp dómur í málinu nr. 116/1982: Ákærvaldið gegn Gestí Guðjóni Sigurbjörnssyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 16. febrúar sl., gegn Gestí Guðjóni Sigurbjörnssyni iðnverkamanni, Skálholtsstíg 2 A, Reykjavík, nú gæslufanga, fæddum 14. janúar 1953 í Reykjavík,

„I. *Fyrir manndráp*. Að hafa aðfaranótt 17. september 1981 svipt Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch blómaskreytingamann, til heimilis að Grenimel 24 í Reykjavík, lífi í íbúð þeirri, er nefndur Wiedbusch bjó í á 1. hæð í því húsi, með því að stinga hann með hníf og tvennum skærum um eða yfir 20 stungum ofantil á bringu og ofanvert á kvið, sem margar hverjar gengu á hol, þar á meðal í gegnum hjartað og lifur og inn í lungu og maga, og reka að síðustu önnur skærin á kaf í vinstri augntóft, þannig að þau stóðu langt inn í heila.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. *Fyrir þjófnað*. Að hafa í framhaldi af fyrrgreindum verknaði slegið eign sinni á og haft á brott með sér úr íbúð Wiedbusch kr. 200 í peningum, kvikmyndatökuvél ásamt óáteknum filmum svo og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. *Dómkröfur*. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I. Að morgni föstudagsins 18. september 1981 fannst Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch blómaskreytingamaður örendur í íbúð sinni á 1. hæð hússins nr. 24 við Grenimel í Reykjavík. Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, sem býr í kjallara hússins, hafði síðdegis daginn áður farið upp á 1. hæð hússins til þess að huga að pósti. Hún sá þá, að dyr úr forstofu hússins að íbúð Wiedbusch voru opnar upp á gátt. Hún aðgætti þetta ekki nánar og fór niður til sín. Á föstudagsmorgun kom að máli við hana starfsmaður í blómaversluninni Blómavali og hafði komið til þess að grennslast eftir Wiedbusch, sem einnig var starfsmaður í Blómavali, en hafði ekki komið til vinnu. Eftir að maður þessi var farinn, fór Svanbjörg upp á 1. hæð og sá dyrnar enn opnar eins og daginn áður. Er hún leit inn, sá hún, hvar Wiedbusch lá örendur á stofugólfinu. Henni brá mjög og flýtti sér út og kallaði á hjálp, og einhver hefur orðið til þess að hringja til lögreglunnar. Í skýrslu lögreglu segir, að tilkynning hafi borist kl. 0948, en nafn tilkynnanda er ekki tilgreint. Lögregluþjónar komu á vettvang að vörmu spori og síðan einnig starfsmenn rannsóknarlögreglu ríkisins, enn fremur Skúli Johnsen borgarlæknir og dr. Ólafur Bjarnason prófessor.

Hinn látni lá allsnakinn á stofugólfi rétt innan við dyr úr skála íbúðarinnar. Á líkinu voru mjög mörg stungusár, og í vinstri augntóft stóðu

skæri, er rekin höfðu verið á kaf í höfuðið. Blóðblettir og blóðstrokur voru víða í íbúðinni.

Lík Hans Wiedbusch var krufið daginn eftir (19. sept.) af dr. Ólafi Bjarnasyni. Ályktunarorð skýrslu hans um krufninguna eru þessi:

„Við krufninguna komu í ljós fjöldi stungusára miðsvæðis ofantil á bringu og ofanvert á kvið (í epigastrium). Höfðu margar stungurnar gengið á hol og inn í og í gegnum hjartað, inn í lungu, lifur og maga. Tólf centimetra langur fremsti hluti af hnífsblaði stóð fastur í 10. brjóstlið, og skagaði hnífsbrotið fram í kviðarholið efst. Skæri voru á kafi í vinstri augntóft og höfðu gengið upp í gegnum augntóftarþakið og langt inn í heilann. Oddur af öðrum skærum sat fastur í brjóstbeini. Innri blæðingar frá ofangreindum stungusárum sem og heilaáverkinn hafa dregið manninn til dauða, og hefir hér greinilega verið um morð að ræða.

Þá sáust áverkar við kynfæri hins látna. Maðurinn hefur að líkindum verið undir áhrifum áfengis, er hann lést. Niðurstaða af rannsókn á innihaldi cannabisefna í blóði og þvagi hins látna verður send síðar.“

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndist alkohol í blóði 1.39%, en í þvagi 1.82%. Ekki reyndist unnt að ákvarða tetrahydrokannabinól í blóði né þvagi. Rannsóknarlögreglan sendi blóð- og þvagsýni til Statens rettskoksikologiska institutt í Oslo, og fundust þar ekki kannabisefni í þvagi, en blóðsýnið reyndist óhæft til þess, að niðurstöður yrðu dregnar af greiningu á því.

Rannsóknarlögreglan hóf þegar rannsókn málsins, og á laugardagsmorgun fékk hún þær upplýsingar hjá Halldóri Sigurði Steingrímssyni, Grjótagötu 14 B, að kunningi hans, ákærði Gestur Guðjón, hefði komið að máli við hann á fimmtudagskvöld og skýrt honum frá því, að hann hefði nóttina áður drepíð þýskan mann, sem hann hefði hitt í Óðali og farið heim með. Halldór lét þess getið, að ákærði væri taugasjúklingur og hefði talsvert af lyfjum undir höndum. Mundi hætta á, að hann grandaði sér, ef hann yrði þess vís, að grunur beindist að honum. Halldór vísaði á heimili ákærða. Rannsóknarlögreglustjóri og vararannsóknarlögreglustjóri fóru þegar ásamt sex öðrum starfsmönnum að heimili ákærða og brutu þeir, án þess að kveðja fyrst dyra, rúðu í útidyrarhurð og opnuðu og fóru inn. Var ákærði þar fyrir og lýsti því strax yfir, að hann gengist við broti sínu og viðurkendi, að hann hefði drepíð „þennan kynvillingsdjöful á Grenimelnum,“ eins og hann kvað að orði. Ákærði var síðan handtekinn, og sýndi hann engan mótþróa.

Ákærði hefur við meðferð málsins játað skýlaust brot þau, sem honum eru gefin að sök.

Frásögn ákærða af brotunum og aðdraganda þeirra verður nú rakin í aðalatriðum:

Að kvöldi miðvikudagsins 16. sept. fór ákærði í veitingastaðinn Óðal við Austurvöll. Ákærði hafði daginn áður útskrifast af geðdeild Landspítalans eftir mánaðar dvöl. Hann var þó ennþá miður sín, vansvefta, leiður í skapi og upptrekkur, eins og hann kemst að orði. Í Óðali neytti ákærði 2—3 glasa af áfengisblöndu. Ákærði hitti þarna Magnús Þór Sigmundsson, sem hann hafði kynnst í geðdeildinni, þar sem Magnús starfar sem gæslumaður. Þeir ræddust við um hríð. Síðan gaf sig á tal við ákærða maður, sem hann þekkti ekki og talaði með útlendum hreim. Var hér um að ræða Hans Wiedbusch. Þar kom tali þeirra, að Wiedbusch bauð ákærða heim með sér upp á áfengi. Ákærði þekktist boðið, og fóru þeir nú tveir saman í leigubíl vestur á Grenimel heim til Wiedbusch. Er þangað var komið, veitti Wiedbusch ákærða whiskyblöndu og fékk sér sjálfur eitthvað í staupinu. Þeir sátu nú um stund, spiluðu hljómplötur og ræddu saman. Ákærði spurði Wiedbusch, hvort hann væri kynvilltur, og segist hann hafa gert það, af því að Wiedbusch hafi ekki viljað, að þeir næðu í stúlkur. Wiedbusch neitaði þessu. Ekki sýndi Wiedbusch ákærða neina áleitni. Wiedbusch bauð ákærða marijuana að reykja, og játti ákærði því, en hann hafði aldrei fyrr komist í kynni við marijuana né önnur fíkniefni. Gaf Wiedbusch honum síðan eitthvert brúnt efni í pípu, sem ákærði reykti síðan. Eitthvað reykti Wiedbusch sjálfur, en ákærði mest. Ákærði fann einhvers konar áhrif af þessu og varð undarlegur og slappur. Wiedbusch bauð ákærða að gista þarna um nóttina, og tók ákærði boðinu og háttaði síðan ofan í rúm, sem var í borðstofu inn af stofu þeirri, þar sem þeir sátu. Ákærði fór úr öllum fötum nema nærbuxum og bol. Ákærði sagði Wiedbusch, að hann ætti bággt með svefn, og gaf Wiedbusch honum þá eina eða tvær hvítar töflur, sem ákærði tók inn, og féll hann síðan í svefn. Ákærði vaknaði síðan við vandan draum; var Wiedbusch þá ofan á honum allsnakinn og var að hafa mök við hann. Ákærði var einnig allsnakinn. Wiedbusch hafði komið lim sínum í endaparm ákærða, og kenndi ákærði sársauka. Ákærða brá mjög við þetta, og varð hann skelfingu lostinn. Þeirri hugsun skaut upp hjá honum, að hann yrði að gera útaf við manninn. Hann sagðist þurfa að fara á salerni, og fór Wiedbusch ofan af honum, og ákærði komst fram. Ákærði fór að svipast um eftir vopni og fann litil skæri í snyrtiherberginu. Með þau fór hann inn í stofu og hélt þeim með hægri hendi aftan við bak. Wiedbusch var þá risinn upp og sestur fram á, og gekk ákærði að honum, reiddi upp skærin og rak þau af alefli í brjóst honum og ætlaði sér að hæfa í hjartastað. Ákærði kippti skærunum úr sárinu og hörfaði frá, en Wiedbusch reis á fætur, gekk að ákærða og tók um úlnið honum og sagði „biddu guð að hjálpa þér.“ Einhver lítills háttar átök urðu milli þeirra, og barst leikurinn fram í skála íbúðarinnar, þar sem Wiedbusch hné niður. Ákærði sá, að skærin höfðu brotnað við lagið. Ákærði sótti síðan

brauðhníf fram í eldhús, lagði honum í brjóst Wiedbusch og hreyfði hnífinn í sárinu. Síðan dró hann Wiedbusch inn í setustofuna. Þar tók ákærði fyrir vit Wiedbusch í því skyni að stytta stundir hans, en frá honum heyrðust hrygglukennd hljóð, og hann braust eitthvað um. Þá náði ákærði í önnur skæri, sem hann minnir hann hafi fundið í eldhúsinu. Skærunum stakk hann í auga mannsins. Ákærði minnst þess, að hann stakk Wiedbusch nokkrum sinnum í brjóstið og einnig neðan við naflann, en gerir sér ekki ljósa grein fyrir, með hvað vopni hann veitti þessa áverka, enda hafi verið runnið á hann einhvers konar æði. Ákærði segir þó, að hann hafi verið rólegur, á meðan á verknadinum stóð, en að honum loknum hafi komið yfir hann óróleiki. Ákærði gekk eitthvað um íbúðina, en klæddist síðan. Ákærða fannst Wiedbusch hafa farið illa með sig og hann yrði að hafa eitthvað upp úr þessu. Hann fór um íbúðina, tók 200 krónur úr veski, sem var í einu herbergi íbúðarinnar, kvikmyndavél og nokkrar filmur, sem hann fann í öðru herbergi, og segulbandstæki, sem var í stofunni. Síðan hélt hann burt með verðmæti þessi. Hann skildi íbúðina eftir opna og ljós logandi í henni. Ákærði fór fótgangandi heim til sín. Um nóttina varð honum ekki svefnsamt, og gekk hann um gólf til morguns, en fór þá til vinnu sinnar í sælgætisgerðinni Nóa. Hann vann til kl. 1545, fór þá í geðdeild Landspítalans til þess að sækja muni, sem hann átti geymda þar, fór síðan á knattspyrnukappleik og að honum loknum heim til sín. Þá var klukkan um 2030. Um kvöldið fór ákærði svo til kunningja síns, Halldórs Sigurðar Steingrímssonar, og sagði honum frá morðinu og töku munanna. Eftir að ákærði var kominn heim, ákvað hann að losa sig við myndavélina, segulbandstækið og filmurnar, og fór hann með þetta þá um nóttina og kom því fyrir í Tjörninni í leirleðju við bakkann.

Ákærði gat heldur ekki sofið þessa nótt, og á föstudag fór hann ekki til vinnu, en ráfaði um borgina og velkti með sér, hvort hann ætti að gefa sig fram, en kom því þó ekki í verk. Um kvöldið fór hann á skemmtistað og drakk sig kenndan. Eftir að heim kom, reyndi hann að sofna, en gekk illa, en festi loks svefn undir morgun, eftir að hann hafði tekið inn eina lyfjatöflu. Hann vaknaði svo, er rannsóknarlögreglumennina bar að garði.

Ekkert vitni var að samskiptum ákærða og Wiedbusch á heimili þess síðarnefnda þessa nótt. Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, sem býr í kjallara hússins, eins og áður greinir, varð vör við mannaferðir til Wiedbusch fyrr um kvöldið, en varð ekki vör við neitt óeðlilegt um nóttina, enda var hún sofnuð um eða fyrir miðnætti.

Ýmis gögn hafa þó komið fram í málinu, sem fræðslu veita og renna flest stöðum undir framburð ákærða.

Fram hefur komið, að Hans Wiedbusch hætti vinnu sinni í Blómavali kl. 2112 á miðvikudagskvöld og fór heim í leigubíl. Til hans komu gestir

þetta kvöld, og tveir þeirra, Albert Hofer og Jutta Zernikow, fóru heim til sín laust fyrir miðnætti, og óku þau Wiedbusch að Óðali, þar sem hann skildi við þau og fór inn.

Magnús Þór Sigmundsson kveðst hafa komið í Ódal þetta kvöld milli kl. hálf tólf og tólf, hitt ákærða að máli þar og átt orðaskipti við hann. Um ástand ákærða hefur Magnús þau orð, að sér hafi virst hann ör og spenntur og brothættur tilfinningalega, eins og hann væri leitandi eftir samskiptum og hlýju.

Jóhannes Stefán Stefánsson, Skólagerði 1, Kópavogi, kveðst hafa stund að leiguakstur og minnst þess, að eitt kvöld í september ók hann tveimur mönnum frá Óðali vestur á Grenimel. Annar maðurinn virtist vera útlendingur, sem Jóhannes mundi eftir, frá því hann hafði áður ekið honum frá Blómavali að sama stað við Grenimel. Hinum manningnum lýsti Jóhannes þannig, að vel getur átt við ákærða, en ekki kvaðst Jóhannes geta fullyrt, er hann sá ákærða við meðferð málsins, að hann væri sá maður, sem hann ók í umrætt skipti.

Við vettvangskönnun fundust blóðug skæri á bekk í skála íbúðarinnar. Annar oddurinn var boginn, en hinn brotinn af, og fannst oddurinn við krufninguna í brjóstbeini líksins, eins og áður segir. Skæri þessi eru 17.8 sm löng. Blóðugur hnifur fannst á eldhúsbordi. Blaðið hafði brotnað, og fannst hluti blaðsins við krufninguna, sbr. hér að framan. Hnifurinn er allur 30.5 sm langur. Skærin, sem rekin höfðu verið í höfuð líksins, eru 22 sm löng og sá hluti, sem gengið hafði inn í höfuðið, um 17 sm.

Íbúðin, svo sem henni er lýst í vettvangslýsingu og sjá má af fjölda mynda, sem tæknideild rannsóknarlögreglu hefur tekið, ber ekki merki þess, að um neina viðureign hafi þar verið að ræða. Ljós var á borðlampa í setustofunni, og rafstraumur var á hljómflutningstækjum. Á stól í borðstofunni lágu ljósar síðbuxur og skyrtublússa, en nærbuxur lágu á gólfi skammt frá rúmi. Í skálanum voru tvö pör af skóm, hvít skyrt og sokkar. Virðist ekki hafa verið um neitt blóð að ræða á fatnaði þessum.

Blóðblettir voru víðs vegar um íbúðina, í báðum stofunum, skála, eldhúsi og snyrtiherbergi, einnig á dyrum, sem liggja að litla herberginu, þar sem kvikmyndavélin hafði verið. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar rannsakaði fjölda lófa- og fingrafara, sem fundust í íbúðinni. Blóðugt lófafar á dyrakarmi í stofu samkenndist við hægri hönd ákærða. Sama er að segja um lófafar af dyrakarmi eldhússdyra. Fingraför af rauðu mynstruðu glasi, sem stóð á kistu við rúmið, samkenndust við vísifingur og löngutöng hægri handar og löngutöng og baugfingur vinstri handar ákærða. Á öðru glasi, sem stóð einnig á kistunni, fundust fingraför löngutangar og baugfingurs hægri handar ákærða. Önnur för, sem rannsökuð voru reyndust flest vera eftir Wiedbusch sjálfan, en nokkur samkenndust ekki.

Á vaski í eldhúsi stóð whiskeyflaska. Þrjú lyfjaglós fundust í eldhússkáp, merkt Hans Wiedbusch. Í glasi, merktu Mogadon, voru eftir 4 töflur, í glasi með Ampillicin 9 töflur og í glasi með Caps. Indometacin voru eftir 13 hylki.

Þá voru tekin til athugunar ýmis efni, er fundust í íbúðinni og grunur lék á, að vera mundu kannabisefni. Í smáherbergi við hlið eldhúss fannst planta með þremur stilkum hangandi í festingu á vegg, og í sama herbergi fannst hluti af líkri plöntu, vafinn innan í munnþurrku. Við rannsókn í Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndust báðar jurtir þessar vera kannabis. Í eldhúsinu fundust sjö krúsir með jurtahlutum, einnig frækorn. Við rannsókn fannst, að í þremur glasanna voru kannabisefni, en hin sýnin fimm reyndust ekki vera kannabis. Þá var jafnframt rannsakaður pípuhaus, sem lá á borði í setustofunni. Í honum voru hálfbrunnar jurtaleifar. Um sýni þetta segir í vottorði rannsóknastofunnar: „Með smásjárskoðun, litarprófi og blettagreiningu á þynnu fannst, að jurtaleifarnar voru kannabis, að nokkru blandað tóbaki. Sýnið var of lítið og brunnið til þess, að gera mætti á því frekari rannsóknir. Líkur benda þannig til þess, að tetrahydrokannabíol hefði verið í sýninu.“

Við rannsókn málsins skýrði Bjarni Finnsson, framkvæmdastjóri Blómavals, frá því, að hann hefði að gefnu tilefni frá rannsóknardeild fíkniefnamála kannað, hvort Wiedbusch mundi hafa ræktað fíkniefnajurtir á vinnustað sínum. Kvaðst Bjarni hafa fundið níu blómapotta, er stóðu á pöllum, sem komið hafði verið fyrir á heitavatnsrörum í gróðurhúsinu, og hafi pottar þessir verið huldur af flækju af vínvið og fíkjum. Í hverjum potti hefði verið 2—3 plöntur, sem skornar höfðu verið niður, þannig að eftir stóðu 2—3 sm stíkar. Bjarni kvaðst hafa afhent fíkniefnadeildinni plöntuleifarnar.

Af gögnum málsins má ráða, að efni þessi hafi komist í hendur rannsóknarlögreglunnar, og hafa þau verið rannsökuð í Rannsóknastofu í lyfjafræði um leið og sýni þau, sem áður var lýst, en ekki leiddi rannsóknin í ljós, að um kannabis væri að ræða. Samstarfsmaður Hans Wiedbusch, Uffe Balslev Eriksen blómaskreytingamaður, hefur borið vitni í málinu. Balslev kom til landsins og réðst til vinnu í Blómavali í janúar f. á. og fékk þá herbergi í íbúð Wiedbusch á Grenimel 24. Bjó hann þar síðan fram í ágústlok. Balslev segist hafa vitað til þess, að Wiedbusch ræktaði marijuana heima hjá sér. Hann hafi verið með plöntur í ræktun í nokkrum blómapottum úti í glugga, enn fremur hafi búnt af afskornum plöntum hangið inni í litla herberginu. Sjálfur kveðst Balslev ekki þekkja marijuana og fari hann eftir því, sem Wiedbusch hafi sagt honum. Þá segir Balslev, að í júní f. á. hafi Wiedbusch sagt honum frá því, að hann ræktaði marijuanajurtir inni í Blómavali og hefði þær á pöllum uppi á heitavatnsrörum.

Balslev segist hafa sagt Wiedbusch að fara með þetta burt af staðnum og hann hafi orðið var við það síðar, að plönturnar voru horfnar.

Balslev segir, að Wiedbusch hafi sagt sér frá því, að hann væri homo-sexual. Balslev kveðst hafa sagt honum, að hann væri það ekki sjálfur, og Wiedbusch hafi aldrei sýnt sér neina áleitni.

Rannsókn fór fram á heimili ákærða og á fatnaði þeim, er hann kvaðst hafa verið í, er hann kom til Wiedbusch. Blóðstrokur fundust á innanverðri hægri buxnaskálm, blóðstrokur á innanverðri skyrtulíningu og þrír aðrir blóðblettir á skyrtunni. Á baðmullarnærból fundust tveir blóðblettir vinstra megin á bakstykki.

Rannsóknarlögreglan fékk Guðstein Þengilsson lækni til þess að skoða ákærða eftir handtökuna, og hefur skoðun farið fram kl. 2245 á laugardagskvöld. Í vottorði sínu um skoðunina segir Guðsteinn:

„...Yfir h. herðablaði sjást daufir rauðbrúnir blettir, er skipa sér í 2 raðir, 4 gómstórir blettir í hvorri. Að öðru leyti sjást engin áverkamerki á ból. Rispur eru á báðum höndum, og segir hann þær vera eftir kött. Skv. útliti gæti það staðist.

Eymsl og dofi á vinstri vanga og kvartar um verki yfir v. kjálkalið og framan við eyrað. Efri vör er bólgin, á henni lítið sár og grunnur marblettur við vinstri nasavæng.

Hann kvartar mjög um eymsli við endaparm, en ekkert óeðlilegt sést við inspectio. Við hreyfingu kvartar hann mjög og kveinkar sér, blóðruhálskirtill virðist eðlil.“.

Kvikmyndavélin og segulbandstækið fundust í Tjörninni á þeim stað, sem ákærði vísaði á.

Samkvæmt gögnum málsins var Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch fæddur 10. ágúst 1936 í Þýskalandi (Mecklenburg). Hann kom til Íslands 10. júní 1966 og dvaldist hér til 28. des. 1967 og starfaði í blómaversluninni Blómum og ávöxtum. Hann kom á ný til landsins 9. des. 1970 og mun hafa dvalist hér síðan. Hann starfaði hjá Blómum og ávöxtum fram á sumar 1980, en réðst þá til starfa í Blómavali. Á Grenimel 24 hafði hann búið síðan 1977.

Svo sem áður greinir, ber vitnið Uffe Balslev Eriksen, að Wiedbusch hafi tjáð honum, að hann væri kynvilltur. Bjarni Finnsson segist hafa heyrt um kynvillu Wiedbusch, þó Wiedbusch hafi aldrei nefnt slíkt við hann. Rannsóknarlögreglan tók skýrslur af fjölda manns, kunnugum Wiedbusch, og kemur fram í þeim, að kynvilla Wiedbusch hafi verið alkunn og hann ekki dregið dul á hana. Þá er þess að geta, að við rannsókn á íbúð Wiedbusch fundust í svefnherbergi fjórar kvikmyndafilmur. Filmurnar voru skoðaðar, og samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar voru þær allar klámfilmur, er sýndu karlmenn eiga kynferðismök saman.

II. Ákærði er fæddur og alinn upp í Reykjavík. Foreldrar hans skildu, og hann var tveggja ára, og eftir það var ákærði aðallega með föður sínum og síðari konu hans. Ákærði átti erfitt með nám, en lauk þó gagnfræðaprófi, og síðan stundaði hann ýmis störf, en virðist hafa verið næsta laus í rásinni og oft skipt um vinnustaði. Árið 1975 gekk hann í Hvítasunnusöfnuðinn og hætti þá neyslu áfengis, en áður hafði nokkuð kveðið að henni. Ákærði fór til Noregs 1976 á vegum safnaðarins og gekk í trúboðsskóla tvö ár. Hann kom til Íslands aftur 1979. Hann hefur stundað ýmis störf og virðist hafa haldið tengslum sínum við söfnuðinn.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum nema einni sekt fyrir ölvun og refsidómi fyrir líkamsárás, en hann var 21. nóv. 1979 dæmdur í 180.000 króna sekt fyrir að hafa slegið konu hnefahögg (brot gegn 217. gr. alm. hegnl.). Brot þetta var framið sumarið 1974.

Að tilhlutan rannsóknarlögreglu rannsakaði Ásgeir Karlsson geðlæknir ákærða, og verður hér tekinn upp lokakafli skýrslu hans (niðurstöður):

„Ég tel, að Gestur Guðjón Sigurbjörnsson sé ekki haldinn geðveiki (psychosis). Gestur telst heldur ekki vera fáviti, en hins vegar er hann greindarskertur, þ. e. mælist treggefinn (borderline metal retardation) eftir síðustu greindarprófum. Ætla má, að eðlisgreind hans sé í löku meðallagi eða eitthvað hærri en kemur fram á greindarpröfunum, en greind hans nýtist greinilega illa. Gestur Guðjón er hins vegar haldinn miklum persónuleikatrufnum (personality disorder). Tilfinningalíf hans er yfirborðskent, illa þroskað, sjálfmiðað og barnalegt. Þrjá megin persónuleikabætti má greina hjá Gesti, sefasýkisviðbrögð (hysteriform reactions), sem lýsir sér í ýktum og yfirdrifnum tilfinningalegum viðbrögðum og gerðum. Kleifhugakennd viðbrögð, þ. e. skortur hæfileika til þess að mynda dýpri og varanleg tengsl við annað fólk, og í þriðja lagi viss einkenni um geðvillu (psychopathia), sem einkennast af endurteknum árekstrum við umhverfið. Þessir persónuleikabættir virðast vera laust bundnir innbyrðist og því mismunandi áberandi hverju sinni. Gestur Guðjón hefur einnig einkenni um ákveðin taugaveiklunarviðbrögð (psychoneurotic reaction), sem flokkast til kvíðaneurosu (psychoneurosis anxiosa), og virðast þau hafa komið fram þegar í bernsku. Taugaveiklunareinkenni þessi virðast hafa verið mismunandi sterk hverju sinni í gegnum árin og hafa vafalaust farið eftir ytri og innra áreiti hverju sinni. Að öllum þessum atriðum samanlögðum er ekki að undra, þótt viðbrögð Gestis geti orðið heiftarleg og allt að því tilviljana-kennd, þegar hann er undir miklu álagi. Persónuleiki hans virðist samt sem áður hafa haft nægan styrk, þannig að hann hefur aldrei brotnað niður og sýnt greinileg merki um geðveiki (psychosis). Gestur Guðjón Sigurbjörnsson telst því fyllilega sakhæfur.“

Niðurstöður.

Sannað þykir með framburði ákærða, studdum margvíslegum gögnum, að ákærði hafi ráðið Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch af dögum með því að veita honum mörg stungusár í brjóst, kviðarhol og höfuð með skærum og hnifi. Verknaður þessi varðar við 211. gr. alm. hegningarlaga. Þá tók hann og sló eign sinni á verðmæti þau, sem talin eru í ákæru, og varðar það atferli við 244. gr. sömu laga. Ákærði þykir vera sakhæfur, og verður hann dæmdur í refsingu.

Miða verður við, að sá framburður ákærða sé réttur, að Wiedbusch hafi fengið hann til þess að reykja marijuana, gefið honum síðan eftir ósk hans einhvers konar töflur, sennilega svefntöflur, og loks hafið við ákærða kynferðismök, eftir að hann var sofnaður. Ákærði hafi unnið á Wiedbusch í mikilli gedæsingu, sem leitt hafi af þessu hátterni hans, en fyrr hafi ekki verið hjá ákærða um neinn ásetning til manndráps að ræða. Ber að líta til 4. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga við refsíákvörðun. Ákærði reyndi lítt að dylja verknað sinn, gerði jafnvel ráðstafanir, er hann ætlaði að leiða mundu til þess, að upp um hann kæmist. Við rekstur málsins hefur hann skýrt skilmerkilega frá atvikum og virðist ekki reyna að draga neitt undan. Þykir mega telja, að sjónarmið 9. tl. 74. gr. hegningarlaga eigi við að nokkru leyti.

Önnur atriði horfa til refsipýngingar. Ásetningur ákærða til verksins hefur, eftir að hann var vaknaður, verið styrkur og einbeittur. Ákærði beitti hættulegum tækjum, og öll aðferð hans við verknaðinn var hin hrottagasta. Neyðarvarnarsjónarmið koma ekki til greina, þar sem Wiedbusch hindraði ákærða ekki í því að komast frá honum, og ekkert var því til fyrristöðu, að ákærði gæti þá klæðst og komið sér burt.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 12 ár.

Rétt er skv. 76. gr. hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða síðan 19. sept. 1981, 198 dagar, verði dregin frá refsingunni.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 11.000.00 krónur. Verjandinn var skipaður, strax eftir að ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gestur Guðjón Sigurbjörnsson, sæti fangelsi 12 ár. Frá refsivistinni skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða, 198 daga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 11.000.00 krónur.